

REGLUGERÐ

um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna.

1. gr.

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja hjá Tryggingastofnun ríkisins áhættu vegna bótaskyldra slysa sbr. III. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir útgerðarmönnun fjárhæð sem svarar til fulls kaups og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

2. gr.

Útgerðarmenn skulu á árinu 1997 greiða iðgjald sem nemur 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni.

3. gr.

Skattstjórar annast ákvörðun iðgjalds samkvæmt reglugerð þessari og skal það innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds samkvæmt þessari reglugerð. Iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Ríkisskattstjóri skal halda skrá yfir gjaldskylda aðila samkvæmt reglugerð þessari og skal eftir atvikum leita staðfestingar hans á iðgjaldi útgerðaraðila þegar bótaskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

4. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu skv. reglugerð þessari fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sbr. 5. mgr. 31. gr. sömu laga með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159/1996 um iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna og auglýsing nr. 2/1951, um að útvegsmönnum sé skylt að slysatriggja gegn aukaiðgjaldi samkv. 32. gr. sjómannalaga nr. 41/1930.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. mars 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ragnheiður Haraldsdóttir.